

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpsamlag Strandasýslu Skeiði 3, Hólmarvík/Skeljavík



<b>Dags eftirlits</b>	21.6.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpsamlag Strandasýslu	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Skeiði 3	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	470786-1329	<b>Flokkur</b>	Úrgangur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Einar Indriðason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	377099,262 581129,16

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar var í lagi í Skeljavík. Eitt frávik var staðfest er varðar að gildistími starfsleyfis var runninn út þegar eftirlit fór fram. Undanþága frá gildu starfsleyfi fékkst þann 22.6.2012 frá Umhverfisstofnun en undanþágan er bundin því skilyrði að rekstraraðili starfi samkvæmt skilyrðum fyrra starfsleyfis sem gefið var út 15.maí 2006. Undanþágan gildir til 15. september 2012. Nýtt starfsleyfi er í burðarliðnum og má gera ráð fyrir að það verði gefið út á næstu vikum.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir nokkur ákvæði starfsleyfis, sem og ákvæði reglugerða nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, Rætt var um þá úrgangsflokka sem hæfir eru til urðunar, móttöku úrgangs og mótvægisáðgerðir til að hindra að spilliefni o.fl. lendi ekki í urðun, t.d. með því að sjónræn skoðun fari fram áður en úrgangur er hulin á urðunarstað og þeim spilliefnum sem finnast sé komið í réttan farveg. Einnig var farið yfir drög að nýju starfsleyfi fyrir staðinn, farið yfir athugasemdir við starfsleyfisdrögin og rætt um þá úrgangsflokka sem heimilt er að vinna, geyma eða urða á staðnum. Þá var farið yfir fyrirskrifaðar mælingar og áhrif þess á starfsleyfi að rekstraraðili er í afskekktri byggð. Að síðustu var urðunarstaður í Skeljavík skoðaður

Frávik frá	Lýsing á frávik
Grein 5 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, samkvæmt henni skulu aðilar er meðhöndla úrgang hafa gilt starfsleyfi.	Staðurinn var ekki með gilt starfsleyfi þegar eftirlit fór fram þann 21.6.2012.

## ANNAÐ

Drög að nýju starfsleyfi rekstraraðila voru í kynningu til 4. júlí sl. og má gera ráð fyrir að nýtt starfsleyfi verði gefið út á næstu vikum.

Reykjavík, 08.08.2012

Sigrún Guðmundsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekkert geta talist frávik.